

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um fjölgun starfsfólks og embættismanna.

Frá Helgu Völu Helgadóttur.

1. Hversu margt starfsfólk hefur verið ráðið til starfa hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti frá því að ný ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum 28. nóvember 2021? Svar óskast sundurliðað eftir því:
 - a. hvort um er að ræða skipun í embætti eða ráðningu,
 - b. hvort um er að ræða tímabundnar ráðningar/skipanir eða ótímabundnar,
 - c. hversu mörg ný störf er um að ræða.
2. Hversu margar stöður hafa verið auglýstar frá því í nóvember 2021? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um er að ræða skipun í embætti eða ráðningu.
3. Hver var fjöldi stöðugilda hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti við skipan nýrrar ríkisstjórnar í nóvember 2017 samanborið við fjölda stöðugilda í september 2022? Hafi orðið breyting á málefnasviði ráðuneytisins á þessum tíma er óskað eftir að tilgreind sé breyting á starfsmannafjölda með tilliti til þess.
4. Hver er áætlaður viðbótarkostnaður vegna fjölgunar starfsfólks hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti á kjörtímabilinu?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Fyrirspyrjandi óskaði eftir því að fjármála- og efnahagsráðherra, sem ráðherra starfsmannamála ríkisins, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. forsetaúrskurðar nr. 6/2022 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, myndi svara fyrirspurn sem laut að öllum ráðuneytum. Ekki var orðið við því og neyðist fyrirspyrjandi því til að beina fyrirspurninni að hverjum og einum ráðherra. Vegna umfangsmikilla breytinga á skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta þegar ný ríkisstjórn tók við 28. nóvember 2021 þurfa ráðuneyti í einhverjum tilvikum að vinna saman að upplýsingaöflun og svari við þessari fyrirspurn.